

Stjórn Almannaheilla

Stjórnarfundur haldinn miðvikudaginn 16. apríl kl. 9:00.

Haldinn á Teams.

Mætt: Ásdís Eva Hannesdóttir, Ingveldur Jónsdóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Ragnhildur Freysteinsdóttir, Sigríður Sólan, Sigurgeir Þórisson og Tómas Torfason
Forföll: Guðrún Helga Harðardóttir, Tryggvi Axelsson, Andrés Skúlason, , Berglind Gunnarsdóttir Strandberg, Ingibjörg Sverrisdóttir, Sigurður Sigurðsson og Una Sveinsdóttir.

Fundargerð

1. Fundur settur

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð stjórnarfundar 19. mars var samþykkt.

3. Aðalfundur 2025

Fundarboð hefur farið til aðildarféлага.

Búið er að undirstinga Grím Atlason hjá Geðhjálpi sem fundarstjóra og Elísabetu Hrund Salvarsdóttur hjá UMFÍ sem fundarritara.

Inga Sæland ráðherra félags- og húsnæðismála verður gestur fundarins og flytur ávarp.

Tómas heldur utan um umgjöð fundarins.

Stjórnin hefur kynnt sér reikninga félagsins og samþykkir þá.

Ingveldur verður í sambandi við félagskjörna skoðunarmenn.

Þurfum að senda út ársreikning og fundargögn með tveggja vikna fyrirvara.

Tómas tekur það að sér.

Samkvæmt lögum Almannaheilla skal á dagská aðalfundar vera:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- Skýrsla stjórnar um nýliðið starfsár og starfið framundan.
- Skýrsla um fjárhag samtakanna.
- Umræður um skýrslur og afgreiðsla ársreiknings.
- Kosning stjórnar, skoðunarmanna.
- Ákvörðun um gjaldskyldu aðildarféлага.
- Lagabreytingar og aðrar tillögur.
- Önnur mál.

4. Önnur verkefni

Morgunfundur Almannaheilla um skattamál með Soffíu Eydísi Björgvinsdóttur og Tinu Paic var haldinn 27. mars 2025. Um 37 gestir frá ólíkum aðildarfélögum sóttu fundinn og höfðu gagn af.

Tólf manns sóttu morgunfund með Jeannie Entenza og Kelly Le Roux um umfang, hlutverk og skipulag þriðja geirans á Íslandi, sem Almannaheill hélt 9. apríl 2025.

Jeannie hafði lokið doktorsritgerð um sama efni við Minnesotaháskóla og kynnti niðurstöður sínar. Góðar umræður voru á fundinum.

5. Önnur mál

a) Rafrænar undirskriftir og almannaeillafélög.

Stjórn Almannaheilla mun skoða og stuðla að því að rafrænar undirskriftir geti gengið fyrir almannaeillafélög líkt og aðra geira samfélagssins. Við viljum að rafrænar undirskriftir séu í boði þegar kemur að opinberum aðilum t.d. tilkynning um stjórn til fyrirtækjaskrár Skattsins. Við erum einnig að horfa á starfshætti félagasamtala, t.d. undirskriftir fundargerða og áritun reikninga.

b) Ákvæði í lögum um VSK – sem að óbreyttu fellur úr gildi næstu áramót.

Um nætu áramót fellur úr gildi bráðabirgða ákvæði í lögum um VSK, sem kveður á um að endurgreiða beri almannaeillafélögum 100% þess virðisaukaskatts sem þessir aðilar hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað við byggingu, viðhald eða endurbætur á mannvirkjum. Stjórnin mun leggja fram á aðalfundi Almannaheilla tillögu að áskorun til Alþingis um að framlengja þetta ákvæði um a.m.k. fimm ár.

6. Fundi slitið

Næsti fundur verður miðvikudaginn 30. apríl kl. 9:00 hjá UMFÍ við Engjateig í Reykjavík.